

Nefndarsvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Alþingi  
Erindi nr. P 135/2174  
komudagur 11.4.2008

Reykjavík, 10. apríl 2008


**Umsögn Félags heilbrigðis- og umhverfisfulltrúa um frumvarp til laga um breytingu á lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000, með síðari breytingum.**

Félag heilbrigðis- og umhverfisfulltrúa vísar til bréfs Umhverfisnefndar Alþingis, dags. 13. mars 2008 þar sem félaginu er fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000, með síðari breytingum, 435. mál, staðarval heræfinga.

**Almenn umsögn**

Að mati Félags heilbrigðis- og umhverfisfulltrúa er um þarfa viðbót við lögina enda geta heræfingar haft í för með sér umtalsverða mengun og röskun fyrir umhverfið. Það er skoðun félagsins að ennfremur þurfi að koma til breyting á lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum og reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun með síðari breytingum, þar sem heræfingar verði gerðar starfsleyfis- og eftirlitsskyldar.

Virðingarfyllst,  
fyrir hönd Félags heilbrigðis- og umhverfisfulltrúa,



Svava Svanborg Steinarsdóttir,  
formaður.